




Biskupstungnabraut við Minni-Borg 28.7.2007  
Árekstur við Bifhjól  
Látinn 30 ára karlmaður  
Tími sólarhrings: Kvöld

### Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók austur Biskupstungnabraut og stöðvaði við innkeyrsluna að versluninni Minni-Borg. Hugðist ökumaður beygja til vinstri inn á planið sem er fyrir framan verslunina. Þremur bifhjólum var ekið vestur Biskupstungnabraut á sama tíma. Ökumaður fólksbifreiðarinnar sá ekki bifhjólamennina og ók í veg fyrir þann sem fremstur fór. Bifhjólamaðurinn náði ekki að beygja frá og hafnaði á aftanverðri hægri hlið bifreiðarinnar. Við áreksturinn féll hann af hjólinu og kastaðist yfir bifreiðina. Hann hlaut innvortis áverka sem drógu hann til dauða. Hann notaði viðurkenndan öryggisbúnað, var með hjálm og í bifhjólslagalla. Ökumaður og farþegi í fólksbílnum hlutu minniháttar áverka.



**Vettvangur við Minni-Borg. Horft vestur Biskupstungnabraut í akstursstefnu bifhjólamannsins.**

Akstursaðstæður voru góðar, bjart og þurrt. Engin yfirborðsmerking er á veginum við planið hjá versluninni Borg þar sem heimilt er að beygja inn á og útaf planinu. Hámarkshraði á veginum var 90 km/klst.

Ökumaður fólksbifreiðarinnar sá ekki til bifhjólamannsins né tveggja annarra bifhjóla sem voru skammt fyrir aftan þann sem fremstur fór og taldi því óhætt að beygja inn á planið við Borg. Urðu ökumaður og farþegi í bifreiðinni ekki varir við hjólið fyrr en nokkrum sekúndum fyrir slysið.



**Mynd af bifhjólinu á vettvangi.**

Nokkur vitni voru að árekstrinum og töldu þau ekkert óeðlilegt við aksturslag bifhjólanna í aðdraganda hans. Sérfræðingur sem reiknaði hraða í slysinu taldi að líklegasti hraði hjólsins í árekstrinum hafi verið 85 km/klst.

Bifhjólið sem var af gerðinni Honda CBR 600 og fólksbifreiðin sem var af gerðinni Honda HRV voru skoðuð af bíltæknisérfræðingi. Í niðurstöðum rannsóknar hans kemur fram að ástand beggja ökutækja var gott fyrir slysið. Enn fremur vakti hann máls á að ákoma á fólksbifreiðinni var ofarlega líkt og bifhjólið hafi verið á afturhjólinu við áreksturinn. Vitnum ber ekki saman um þetta atriði en að mati RNU er ólíklegt að bifhjólinu hafi verið ekið á afturdekkinu langa vegalengd. Hugsanlegt er að ökumaður bifhjólsins hafi snúið bensíngjöfinni í óðagoti rétt áður en áreksturinn varð og við það lyft framhjólinu. Einnig er mögulegt að hann hafi beitt framhendlum of skarplega og hjólið farið kollsteypu við það. Úr þessu verður ekki skorið með afgerandi hætti.

Hvorugur ökumanna var undir áhrifum áfengis eða lyfja þegar áreksturinn varð.

## **Orsakagreining**

- Ökumaður fólksbifreiðarinnar virti ekki forgang og ók í veg fyrir bifhjólíð.

## **Ábendingar**

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til ökumanna bifreiða að sýna sérstaka aðgæslu á vega- og gatnamótum vegna umferðar bifhjóla. Bifhjól eru ekki eins sýnileg og bifreiðar og vel þekkt er að ökumenn misreikna hraða og vanmeta fjarlægð hjólanna. Þá eru ökumenn bifhjóla líklegri til þess að slasast alvarlega samanborið við ökumenn bifreiða þar sem um óvarða vegfarendur er að ræða. Annað banaslys varð með svipuðum hætti á vegamótum Akrafjallsvegar og Innnesvegar árið 2007 þar sem ökumaður hópibifreiðar ók í veg fyrir bifhjólamann.

**Reykjavík 6.júní 2008**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**